

Listamaður mánaðarins

FRIDA KAHLO (1907-1954)



FRIDA ÞEGAR
HÚN VAR 11 ÁRA




MYND SEM FRIDA
KAHLO GERÐI ÞEGAR
HÚN VAR 17 ÁRA

Frida Kahlo fæddist árið 1907 í þorpi sem heitir Coyoacán og er í útjaðri Mexíkó-borgar. Mamma hennar var mexíkósk og pabbi hennar þýskur og vann sem ljósmyndari.

Þegar Frida Kahlo var 6 ára veiktist hún alvarlega. Í kjölfarið einangraðist hún og eyddi miklum tíma með pabba sínum. Hann kenndi henni að taka ljósmyndir og framkalla þær.

Þegar Frida Kahlo var 18 ára lenti hún í alvarlegu bílslysi. Eftir slysið þurfti hún að vera rúmliggjandi í 2 ár og byrjaði þá að mála málverk.




MYND SEM FRIDA GERÐI ÞEGAR
HÚN VAR ORÐIN FULLORÐIN

Listamaður mánaðarins

PABLO PICASSO (1881-1973)



PICASSO ÞEGAR
HANN VAR 8 ÁRA



MYND AF NAUTAATI SEM
PICASSO GERIÐ ÞEGAR
HANN VAR 9 ÁRA

Pablo Picasso fæddist árið 1881 á Spáni í borg sem heitir Málaga. Pabbi hans var málari og kenndi honum málalíst frá blautu barnsbeini.

Picasso sýndi mikinn áhuga og hæfileika við að teikna frá því að hann var mjög ungur. Þegar hann var 7 ára byrjaði pabbi hans pabbi hans formlega að þjálfra hann að teikna og mála með olíumálningu.

Samkvæmt mömmu Picasso voru fyrstu orðin sem hann lærði „piz, piz“ sem er stytting á orðinu *lápiz* sem þýðir „blýantur“ á spænsku.



MYND SEM PICASSO GERÐI ÞEGAR
HANN VAR ORÐINN FULLORÐINN

Frístundalæsi

Listamaður mánaðarins

ANGELICA KAUFFMAN (1741-1804)



SJÁLFSMYND SEM
ANGELICA MÁLAÐI
ÞEGAR HÚN VAR 13
ÁRA

Angelica Kauffman fæddist árið 1741 í bæ sem heitir Chur í Sviss. Pabbi hennar var listamaður sem ferðaðist mikið vegna vinnu. Hann þjálfði dóttur sína til þess að aðstoða hann við að mála á meðan hann ferðaðist á milli Sviss, Austurríkis og Ítalíu.

Angelica lærði mörg tungumál og kunni þýsku, ítölsku, frönsku og ensku. Hún sýndi mikla listræna hæfileika sem barn, bæði sem málari og sem tónlistamaður.

Hún valdi að einbeita sér að myndlistinni og var orðin þekktur málari þegar hún var 12 ára.



MYND SEM ANGELICA GERÐI ÞEGAR HÚN
VAR ORÐIN FULLORÐIN

Listamaður mánaðarins


MICHELANGELO BUONARROTI (1475- 1564)



MYND SEM MICHELANGELO
GERÐI ÞEGAR HANN VAR 12
EÐA 13 ÁRA

Michelangelo fæddist árið 1475 í þorpi á Ítalíu sem heitir Caprese. Þegar hann var aðeins nokkurra vikna gamall flutti hann með fjölskyldunni sinni til borgar sem heitir Flórens og er líka á Ítalíu.

Þegar hann var barn fannst honum gaman að teikna og þegar hann var 13 ára gerðist hann lærlingur hjá frægum málara að nafni Domenico Ghirlandaio sem hjálpaði honum að þjálfra hæfileika sína sem málari.



MYND SEM MICHELANGELO GERÐI ÞEGAR HANN VAR ORÐINN
FULLORÐINN

Listamaður mánaðarins


AUGUSTA SAVAGE (1892-1962)



AUGUSTA ÞEGAR HÚN VAR
BARN/UNGLINGUR

Augusta Savage fæddist árið 1892 rétt fyrir utan borgina Jacksonville í Bandaríkjunum. Sem barn byrjaði hún að búa til litlar styttur úr náttúrulegum rauðum leir sem fannst í heimabænum hennar. Henni fannst sérstaklega skemmtilegt að búa til litlar styttur af dýrum.

Það var kennari í skólanum hennar sem uppgvötaði hæfileika hennar að búa til styttur og hjálpaði henni að verða betri.



STYTSTA SEM AUGUSTA
SAVAGE GERÐI ÞEGAR HÚN
VAR ORÐIN FULLORÐIN


Listamaður mánaðarins

SALVADOR DALÍ (1904-1989)



DALÍ ÞEGAR
HANN VAR 7 ÁRA

Dalí fæddist árið 1904 í þorpi sem heitir Figueres og er rétt fyrir utan Barcelona á Spáni. Frá því að Dalí var ungur strákur varð hann fyrir áhrifum á landslaginu í kringum hann og teiknaði mikið.



MYND SEM DALÍ GERÐI ÞEGAR HANN
VAR ORÐINN FULLORÐINN



LANDSSLAGSMYND SEM
DALÍ GERÐI ÞEGAR
HANN VAR 6 ÁRA

Hann ákvað snemma að verða listamaður þegar hann yrði fullorðinn. Pabbi hans og mamma skráðu hann í skóla til þess að læra að teikna þegar hann var 10 ára gamall.

Listamaður mánaðarins

GEORGIA O'KEEFFE (1887-1986)



GEORGIA ÞEGAR HÚN
VAR 6 ÁRA

Georgia O'Keeffe fæddist árið 1887 á bóndabýli í Wisconsin í Bandaríkjunum. Hún átti 7 systkini. Þegar hún var 10 ára var hún búin að ákveða að henni langaði að verða listamaður þegar hún yrði stór.

Hún og systur hennar fóru að læra að mála með listamanninum Söru Mann sem málaði vatnslitamyndir.



MYND AF HÖND SEM GEORGIA
GERÐI ÞEGAR HÚN VAR 15 ÁRA



MYND SEM GEORGIA GERÐI ÞEGAR
HÚN VAR ORÐIN FULLORÐIN

Listamaður mánaðarins

EDWARD HOPPER (1882-1967)



EDWARD MEÐ SYSTIR
SINNI ÞEGAR ÞAU VORU
BÖRN



MYND AF DRENG AÐ HORFA Á
HAFIÐ SEM EDWARD GERÐI
ÞEGAR HANN VAR 9 ÁRA

Edward Hopper fæddist árið 1882 í New York-borg í Bandaríkjunum. Hann var þögull, feiminn og átti fáa vini. Hann eyddi tíma sínum í að skoða listaverk og lesa bækur.

Honum fannst gaman að ganga um hverfið sitt og teikna það sem honum fannst áhugavert. Hann ákvað snemma að honum langaði að leggja listina fyrir sig og merkti trélitaboxið sitt: “Edward Hopper, verðandi listamaður”.



MYND SEM EDWARD HOPPER GERÐI ÞEGAR HANN VAR
ORÐINN FULLORÐINN

Listamaður mánaðarins


YAYOI KUSAMA (1929-)




KUSAMA ÞEGAR HÚN
VAR BARN

Yayoi Kusama fæddist í Japan árið 1929. Foreldrar hennar ræktuðu plöntur og hún byrjaði sem lítil stelpa að teikna grasker.

Þegar hún varð 10 ára byrjaði hún að sjá ofsjónir og sá ýmsa hluti í punktum. Hún ákvað að nýta sér þessi geðrænu veikindi í list sinni og er í dag þekkt sem „punktakonan“.



MYND SEM KUSAMA GERÐI ÞEGAR HÚN VAR
ORÐIN FULLORÐIN



MYND SEM KUSAMA GERÐI
ÞEGAR HÚN VAR 10 ÁRA

Listamaður mánaðarins

ALBRECHT DÜRER (1471-1528)



SJÁLFSMYND SEM ALBRECHT
GERÐI ÞEGAR HANN VAR 13 ÁRA

Albrecht Dürer fæddist í Þýskalandi árið 1471. Hann átti 17 systkini. Hann vissi snemma að honum langaði að verða listamaður og teiknaði mikið sem barn.

Pabbi hans vildi að hann yrði gullsmiður eins og hann sjálfur. Það vildi Albrecht ekki og fékk að læra að verða listamaður hjá færaasta listamanni borgarinnar þegar hann var 15 ára.



MYND SEM ALBRECHT GERÐI ÞEGAR
HANN VAR ORÐINN FULLORÐINN